

Ár 2012, fimmtudaginn 1. mars kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. RARIK frá 16. febrúar 2012.

Í bréfinu er rætt um fund sem RARIK átti með framkvæmdastjóra og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna götulýsingar og erinda sem RARIK hefur sent bæjarfélögum á veitusvæði sínu. Í bréfinu er einnig gerð grein fyrir því að samkomulag var gert á milli aðila um að RARIK og fulltrúar Sambandsins munu gera rammSAMning um yfirtöku sveitarfélaga á götuljósaeigninni og um rekstur og gjaldtöku vegna þess. RARIK mun ekki halda fundi með einstökum sveitarfélögum fyrr en þessari vinnu er lokið þrátt fyrir beiðni bæjarráðs Hveragerðisbæjar um annað.

Lagt fram til kynningar.

1.2. JP lögmönnum frá 17. febrúar 2012.

Í bréfinu sem ritað er fyrir hönd Diðriks J. Sæmundssonar er rætt um fyrirvara sem er á greiðslu fasteignagjalda sem greidd voru til Gjaldheimtunnar.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Nordjobb frá 24. febrúar 2012.

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær taki þátt í verkefninu Nordjobb og ráði Nordjobbara til starfa sumarið 2012.

Bæjarráð samþykkir að bjóða tveimur Nordjobburum vinnu verði eftir því sótt.

1.4. Lánasjóði sveitarfélaga frá 27. febrúar 2012.

Í bréfinu er auglýst eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

1.5. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 24. febrúar 2012.

Í bréfinu er boðað til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður föstudaginn 23. mars n.k. á Hótel Reykjavík Natura.

Fulltrúar Hveragerðisbæjar á landsþingið eru Aldís Hafsteinsdóttir og Róbert Hlöðversson.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Minnisblað bæjarstjóra vegna verðmats slökkvistöðvar.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 28. febrúar 2012 vegna verðmats slökkvistöðvar í Hveragerði en Brunavarnir Árnassýslu hafa lagt fram ósk um að kaupa slökkviliðsstöðina.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2013.

2.2. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna framkvæmda í Reykjadal 2012.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 28. febrúar 2012 vegna framkvæmda í Reykjadal. Verkefnið hefur fengið styrk frá Framkvæmdasjóð Ferðamálastofu og er áætlað að undirbúningur hefjist á næstu vikum.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:25

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)